

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 – 1997

7. janúar 1997

1

Nr. 1

AUGLÝSING

**um gildistöku fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka
Evrópu og Litháens.**

Samningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Litháens frá 7. desember 1995 öðlaðist gildi 1. janúar 1997, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1996.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. janúar 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

7. janúar 1997

Nr. 2

AUGLÝSING

**um bókun um stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum
í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1997.**

Hinn 14. desember 1996 var undirrituð í Ósló sameiginleg bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 1997, ásamt bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða á stofninum. Bókuninum var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 1997. Með ályktun 20. desember 1996 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta bókanirnar.

Sameiginlega bókunin er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og bókunin sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. janúar 1997.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.